



Borgarráð

Heildstæð athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins

Lagt er til að borgarráð samþykki að kosin verði nefnd þriggja óháðra sérfræðinga sem hafi það verkefni að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld. Tillaga að skipan nefndarinnar skal lögð fyrir borgarráð til staðfestingar. Nefndin getur ráðið starfsmann í samstarfi við Innri endurskoðanda og ráðgjöf.

Greinargerð:

Markmið athugunarinnar og meginverkefni nefndarinnar skulu vera eftirtalin:

- Að lýsa starfsemi vöggustofanna, hlutverki þeirra í barnaverndar- og/eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir.
- Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.
- Að lýsa því hvernig eftirliti Reykjavíkurborgar og ríkisins með vöggustofunum var háttað.
- Að lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofanna og nefndin telur þarfnast skoðunar.
- Nefndin skal skila skýrslu um störf sín til borgarráðs.
- Leggja grundvöll að tillögum til borgarráðs um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

Nefndin og starfsmaður hennar hafi aðsetur og afnot af húsakynnum Innri endurskoðunar og ráðgjafar sem er jafnframt tengiliður Reykjavíkurborgar við nefndina.

Nefndin skal vera sjálfstæð og óháð í störfum sínum og verður heimilt að kalla eftir aðstoð og upplýsingum frá aðilum innan og utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar við einstaka þætti athugunarinnar.

Fundir nefndarinnar skulu vera lokaðir.

Nefndarmenn og starfsmaður hennar eru bundnir þagnarskyldu um hvaðeina er varðar einkalíf manna sem þeir fá upplýsingar um við störf nefndarinnar. Þagnarskylda um slík atriði helst þegar störfum nefndarinnar er lokið.

Formanni nefndarinnar er heimilt að veita almennar upplýsingar um störf nefndarinnar og verklag meðan hún starfar.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir sömu reglum og koma fram í 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Nefndarmönnum er skylt að leggja fram skrá um hagsmunatengsl sín, sbr. reglur Reykjavíkurborgar um hagsmunaskráningu embættismanna.



Nefndin skal leggja fyrir borgarráð tíma- og verkáætlun um störf nefndarinnar innan mánaðar frá kosningu nefndarinnar, þar sem fram komi meðal annars umfang og áherslur í starfinu, auk áætlaðs kostnaðar sem skal jafnframt yfirfarinn af fjármála- og áhættustýringasviði Reykjavíkurborgar. Miðað er við að nefndin skili lokaskýrslu sinni, sbr. f-liður hér að framan, til borgarráðs eigi síðar en 31. mars 2023. Borgarráð ákveður þá meðferð sem lokaskýrsla nefndarinnar skal fá.

Kjaranefnd Reykjavíkurborgar skal ákvarða laun og önnur starfskjör nefndarmanna. Kostnaður af starfi nefndarinnar skal greiddast úr borgarsjóði nema annað sé ákveðið.

Á síðustu öld annaðist barnaverndarnefnd Reykjavíkur rekstur vöggustofa í Reykjavík, annars vegar Vöggustofunnar að Hlíðarenda og hins vegar Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Vöggustofan að Hlíðarenda við Sunnutorg tók til starfa 1. október 1949 og var rekin til ársins 1963. Það ár flutti Vöggustofan að Hlíðarenda í nýbyggt hús Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins að Dyngjuvegi 18, en bygging hússins og rekstur vöggustofunnar hafði verið í undirbúningi hjá Thorvaldsensfélaginu frá árinu 1925. Árið 1968 var Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins og upptökuheimilið að Dalbraut sameinuð í eitt heimili, þ.e. Vistheimili barna að Dalbraut 12 og skammtímavistun tekin upp árið 1979.

Í gegnum tíðina hefur borið á gagnrýni á starfsemi vöggustofanna og ljótar lýsingar komið fram á aðbúnaði barna sem þar dvöldu, bæði á vettvangi borgarstjórnar og í fjölmiðlum. Sumarið 2021 fóru fimm einstaklingar sem höfðu dvalið á vöggustofunum þess á leit við borgarstjórn að koma á fót teymi sérfræðinga til að rannsaka starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1949-1973. Á fundi borgarráðs 22. júlí 2021 var samþykkt tillaga staðgengils borgarstjóra um að farið yrði þess á leit við forsætisráðherra að fram færi heildstæð athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og eftir atvikum annarra vöggustofa á tilteknu tímabili. Í framhaldi af því að Reykjavíkurborg sendi forsætisráðuneytinu erindi þessa efnis kom sú afstaða í ljós í samtölum borgarstjóra og forsætisráðherra að athugun á starfsemi vöggustofanna væri best fyrir komið með þeim hætti að Reykjavíkurborg sinnti henni. Á hinn bóginn myndi forsætisráðuneytið liðsinna Reykjavíkurborg við að fá fram nauðsynlegar breytingar á lögum til að slík úttekt geti náð fram að ganga. Um þessar mundir fer fram vinna við samningu lagafrumvarps þessa efnis í forsætisráðuneytinu í samráði við Reykjavíkurborg.

Þannig liggur fyrir að Reykjavíkurborg hefur talið vera fullt tilefni til að koma á laggirnar nefnd til að rannsaka starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins þann tíma er þær voru starfræktar í Reykjavík.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur hefur unnið hjálagða forgreiningu, dags. 20. september 2021, á skjölum sem er að finna í vörslum safnsins um börn sem voru vistuð á Vöggustofunni að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Samkvæmt forgreiningunni innihalda skjalasöfn gögn um Vöggustofuna að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem hafa að geyma almennar upplýsingar um starfsemi og rekstur þeirra. Jafnframt er að finna í skjalasöfnum gögn sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar samkvæmt b. lið 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Umrædd skjöl njóta þar af leiðandi leyndar í samræmi við 3. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Fjöldmörg önnur skjöl eru varðveitt hjá Borgarskjalasafni Reykjavíkur um þessar tvær vöggustofur. Gróflega er áætlað að skjölin sé um 6.000 (a.m.k. 24 öskjur*250 skjöl). Forgreiningin er sett fram með þeim fyrirvara að gagnaleit standi enn yfir og að hugsanlegt sé að fleiri skjöl um þessar vöggustofur komi í leitirnar hjá öðrum skjalasöfnum. Að mati borgarskjalavarðar megi gera ráð fyrir því að skjöl sem málið varðar sé að finna í vörslum



annarra aðila, s.s. Þjóðskjalasafns Íslands eða skjalasafns Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Mjódd.

Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 geta sveitarfélög tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess sé það ekki falið öðrum samkvæmt lögum. Þá segir í 3. mgr. 8. gr. sömu laga að sveitarstjórn geti ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði sveitarfélagið. Í 39. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að sveitarstjórn geti kosið nefnd meðal annars til að fjalla um og undirbúa einstök verkefni. Með vísan til þess og í ljósi þess sjálfstjórnarréttar sem sveitarfélögum er tryggður samkvæmt 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar verður að telja að Reykjavíkurborg sé heimilt að stofna sérstaka nefnd sem hafi það hlutverk að fjalla um og taka út starfsemi vöggustofanna sem reknar voru af Reykjavíkurborg á starfstíma þeirra og tók til íbúa sveitarfélagsins.

Við mat á því hver sé bær til að taka ákvörðun innan Reykjavíkurborgar um skipan hugsanlegrar nefndar til að kanna starfsemi vöggustofanna, þá verður að líta til 51. gr. samþykktar nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar þar sem mælt er fyrir um að borgarráð geti kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Í samræmi við ákvæði 51. gr. samþykktanna, sbr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga, verður að telja að það sé á forræði borgarráðs að gera það og þá eftir atvikum með staðfestingu borgarstjórnar. Í þessu sambandi er unnt að benda á að á fundi borgarráðs 19. janúar 2012 var, á grundvelli samþykktar borgarstjórnar frá 4. janúar 2011, samþykkt tillaga borgarstjóra um að skipa þriggja manna úttektarnefnd sem hafði það verkefni að yfirfara stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar í ljósi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis með þar tilgreindum nánari verkefnum.

Jafnvel þótt borgarráð hafi almennt heimild til að ákveða að kjósa nefnd til að kanna starfsemi vöggustofanna tveggja sem reknar voru af Reykjavíkurborg á síðustu öld, þá liggur fyrir að nauðsynlegar lagaheimildir skortir til að nefndin geti sinnt störfum sínum í samræmi við skilgreind verkefni hennar. Forsætisráðuneytið vinnur að því í samráði við Reykjavíkurborg að útvega nauðsynlegar lagaheimildir.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

Hjálagt:

1. Bréf til borgarstjórnar, dags. 13. júní 2021, frá fimm nafngreindum einstaklingum með áskorun um rannsókn á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.
2. Forgreinng á skjölum um börn á vöggustofum borgarinnar í varðveislu Borgarskjalasafns Reykjavíkur, dags. 20. september 2021.

Borgarstjórn Reykjavíkur

Rannsókn á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins

Ágæta borgarstjórn!

Við undirritaðir, Árni H. Kristjánsson, Fjölur Geir Bragason, Hrafn Jökulsson Tómas V. Albertsson og Viðar Eggertsson, förum þess á leit að borgarstjórn hafi forgöngu um að koma á fót teymi sérfræðinga til að rannsaka starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1949–1973.

Málefnið er okkur skylt þar sem við vorum vistaðir á vöggustofum og fleiri opinberum uppeldisstofnunum. Það sögulega ágríp sem hér fylgir er ekki úr lausu lofti gripið enda byggir það á fyrirliggjandi heimildum. Á móti þá eru margar heimildir óaðgengilegar og þær þarf að draga fram í dagsljósið með fulltingi borgarstjórnar.

Forsaga

Hinn 4. október 1949 opnaði Reykjavíkurborg Vöggustofuna að Hlíðarenda við Sunnutorg. Þáverandi formaður barnaverndarnefndar, Jónas B. Jónsson, sagði við tilefnið að stofnunin væri fullkomin og fyllilega sambærileg við slíkar stofnanir í nágrannalöndunum. Í kjallara hússins var aðaleldhús stofnunarinnar, borðstofa fyrir starfsfólk, svonefnt mjólkureldhús fyrir matargerð handa hvítvoðungunum, þvottahús o.fl. Uppi á hæðinni voru þrjár stofur, hver annarri vistlegri og bjartari. Um var að ræða sérstakt sjúkrahvergi og einangrunarstofu, lækningastofu og biðsal því mæður barnanna máttu ekki að fara inn til þeirra af öryggisástæðum. Eins og verið hafði á öðrum vöggustofum var tekið á móti börnunum í sólarhringsvistun allt frá því þau voru nýfædd. Gert var ráð fyrir að þar gætu þau dvalist til eins og háls eða jafnvel tveggja ára aldurs. Alls voru 22 rúm á vöggustofunni en oft vistuðust þar 60 til 70 börn á ári. Oftast nær var um að ræða börn ungra, fátækra, einhleypra eða veikra mæðra sem álitíð var að gætu ekki alið önn fyrir börnum sínum. Í sumum tilvikum tóku mæðurnar börnin til sín að nýju, þegar þær náðu heilsu eða aðstæður þeirra skánuðu, en oft var börnunum ráðstafað í fóstur til frambúðar eða þau ættleidd en að því verður vikið síðar. Alls munu 510 börn hafa verið vistuð á Vöggustofunni að Hlíðarenda á starfstíma hennar.

Árið 1959 réðst Thorvaldsensfélagið í það stórvirki að byggja vöggustofu að Dyngjuvegi 18 í Reykjavík. Var hinni nýju byggingu ætlað að leysa af hólmi Vöggustofuna að Hlíðarenda.

Barnauppeldissjóður félagsins stóð straum af byggingarkostnaði og hafði söfnun, á hans vegum í

Þessum tilgangi, þá staðið yfir í rúm 50 ár. Á Kvenréttindadaginn hinn 19. júní árið 1963 færði félagið Reykjavíkurborg húsnæðið að gjöf og sá borgin um rekstur vöggustofunnar upp frá því eða til ársins 1973. Vöggustofan var deildaskipt í þrjár deildir eftir aldri barnanna, 0–6 mánaða, 6–12 mánaða og 1–2 ára og voru 10 börn á hverri deild. Dæmi voru þó um að eldri börn væru vistuð þar af ýmsum ástæðum. Árið 1967 réðst Thorvaldsensfélagið í að byggja nýja álmu við Vöggustofuna og var hún tekin í gagnið ári síðar. Viðbótarálman rúmaði 16–18 börn og var ætluð þeim börnum sem voru orðin of gömul til að vistast í eldri hluta hússins. Fram undir lok sjöunda áratugarins var um 100 börnum ráðstafað árlega á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Fljótlega fór að bera á harðri gagnrýni á starfseminni í borgarstjórn og á síðum dagblaðanna. Þar fóru fremst dr. Sigurjón Björnsson, sálfræðingur og borgarfulltrúi, og Adda Bára Sigfúsdóttir, veðurfræðingur og borgarfulltrúi. Gagnrýni þeirra sneri að allsendis ófullnægjandi þroskaskilyrðum barnanna. Fullyrtu þau að börn sköðuðust andlega vegna þeirrar uppeldisstefnu sem var við lýði.

Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins var sem fyrr segir starfrækt til ársins 1973 en var þá breytt í upptökuheimili fyrir 23 börn, frá 3 mánaða til 12 ára aldurs. Árið 1979 var það heimili lagt niður og sameinað rekstri Upptökuheimilisins við Dalbraut.

Skjólstæðingarnir

Þau börn sem vistuð voru á vöggustofunum voru sem fyrr greinir á aldrinum 0–2 ára en stundum eldri. Eftir að viðbygging Thorvaldsensfélagsins var tekin í notkun árið 1968 voru börn allt að fjögurra ára vistuð þar. Í langflestum tilvikum var um að ræða börn ungra, fátækra, einhleypra eða veikra mæðra sem talið var að gætu ekki alið önn fyrir þeim. Oftast voru börn vistuð á vöggustofunum fyrir milligöngu Barnaverndar Reykjavíkur. Einnig höfðu forstöðukonur vald til rannsaka aðstæður á heimilum og hvort börn skyldi tekin úr umsjón foreldra. Auður Jónsdóttir, forstöðukona á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, sagði að börn væru eingöngu tekin af einhleypum mæðrum eða frá heimilum þar sem voru veikindi og barnaverndarnefnd taldi að koma þyrfti börnum fyrir. Stundum höfðu þó mæður frumkvæði að því að koma börnum sínum í vist á vöggustofu vegna erfiðra aðstæðna. Mæður tóku börnin til sín að nýju þegar þær náðu heilsu eða kringumstæður skánuðu. En oft var börnunum ráðstafað í fóstur til frambúðar eða þau ættleidd en að því verður vikið síðar.

Samkvæmt heimildarmanni var nokkuð um að börn kæmu á vöggustofurnar beint af fæðingardeildinni. Fyrir kom að þau voru mikið fötluð og ekki hugað líf. Ráð var fyrir þessu gert á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og þar var tiltækur skírnarfontur og líkherbergi á fyrstu hæð hússins. Þá vaknar spurningin hvers vegna mikið fötluð eða veik börn voru flutt á vöggustofuna í stað þess að fá viðeigandi umönnun á sjúkrahúsi. Grundvöllur starfseminnar var að vista börn sem höfðu verið tekin úr umsjón foreldra sinna. Því kann ástæðan að vera að mæðurnar hafi verið sviptar forræði

yfir ófæddum börnum sínum og flutningur þeirra á vöggustofur því ákveðinn fyrir fram. Annað sem kann að skýra þörf á líkherbergi er að dauðsföll voru tíðari á slíkum stofnunum, en almennt meðal barna, eins og dr. Sigurjón Björnsson benti á árið 1967.

Ekki liggur fyrir hve mörg börn voru vistuð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á starfstíma hennar en þau skipta hundruðum. Töluverður fjöldi barnanna fór í fóstur eða voru ættleidd en nákvæm tala liggur ekki fyrir.

Uppeldisstefnan

Þó að húsnæði Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins væri spánýtt árið 1963 þá var það óhentugt undir slíka starfsemi þar sem forsendur og viðmið voru úrelt. Húsið var fyrst og fremst hannað fyrir starfsfólk svo auðveldara væri að sinna líkamlegum þörfum barnanna. Fyrir vikið líktist það sjúkrahúsi enda var allt innanhúss málað hvítt, húsgögn fá, veggir auðir og allt dauðhreinsað. Á Hlíðarenda og síðar Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins var skipulag starfseminnar vélrænt og örvun á vitsmuna- og tilfinningaþroska barnanna var ekki á dagskrá. Ofuráhersla var lögð á kerfisbundna reglusemi, kyrrð og að stofnanirnar væru tandurhreinar til að fyrirbyggja líkamleg veikindi barnanna. Fyrirkomulagið var því eins og á sjúkrahúsum enda var fagfólk hjúkrunarkonur og læknar í stað fóstura, uppeldisfræðinga og sálfræðinga. Starfsfólk hinnar nýju Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hafði flest unnið á Hlíðarenda og flutti með sér starfshætti og vinnustaðamenningu. Ófaglærðar starfsstúlkur í sjúkrahússloppum unnu á vöktum við að sinna börnunum eftir niðurnjörvaðri og tímasettri dagskrá. Eftir endilöngu húsinu lá langur gangur. Á honum voru þrír stórir gluggar og í gegnum þá var hægt að fylgjast með börnunum í berstrípuðum, sóttthreinsuðum og upplýstum herbergjum. Þar voru þau látin liggja í rimlarúmum án örvunar því starfsfólki var forboðið að snerta eða tala við þau að nauðsynjalaus.

Dæmigerður dagur á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hófst kl. 06 og þá fengu börnin pela. Um kl. 08 voru þau klædd og böðuð. Síðan fengu börnin pela á ný en alls fengu þau fimm gjafir daglega. Eftir hádegismat var þeim komið niður til að leggja sig. Um kl. 19 var háttatími og eftir það heyrðist ekki hljóð nema þegar ný börn komu til vistunar. Samkvæmt forstöðukonunni tók um einn til tvo sólarhringa að venja börnin á reglur heimilisins. Það vekur athygli að ekki hafi heyrst hljóð í svo ungum börnum og að þau hafi strax vanist reglum stofnunarinnar. Ætla má að ung börn sem skyndilega hafa verið svipt foreldrum, og komið fyrir á framandi stað, myndu vera óörugg og óvær eftir því. Mjög líklegt er að fyrirkomulagið að Hlíðarenda hafi verið með sama sniði enda var starfsemin þar einfaldlega flutt óbreytt í nýtt húsnæði. Dagskrá miðaðist því eingöngu við að sinna líkamlegum þörfum barnanna.

Sömu reglur, um tómlæti gagnvart börnunum, giltu fyrir foreldra í heimsóknum enda máttu þau aðeins horfa börn sín í gegnum gler. Meðal starfsfólks ríktu fordómar gagnvart mæðrum

barnanna. Sneri það meðal annars að meintu lauslæti þeirra og að þær bæru þá mögulega með sér óværu. Eða eins og starfskona orðaði það: „Maður vissi ekkert hvað þær væru að bera með sér eða hjá hverjum þær sænguðu.“ Heimildarmaður segir ummælin enduróma þau viðhorf sem ríktu almennt meðal starfsfólks. Af þessum ástæðum var meðal annars talið eðlilegt að mæður fengu aðeins að sjá börn sín í gegnum gler. Ótvíræðar heimildir eru fyrir þessum hindrunum á samneyti mæðra við börn sín. Til dæmis má geta áhrifamikils útvarpsþáttar Viðars Eggertssonar, „Eins og dýr í búi“. Þar var fjallað um baráttu móður hans til að endurheimta tvíbura sína sem hún varð viðskila við frá fæðingu vegna fátæktar. Bæði börnin urðu fyrir skaða og annað þeirra fyrir miklum og varanlegum.

Uppeldisstefnan leiddi til þess að börn voru markvisst svipt ást, snertingu og örvun eða því mikilvægasta í andlegu þroskaferli þeirra.

Afhjúpunin

Dr. Sigurjón Björnsson, sálfræðingur, skrifaði greinina „Vistheimili fyrir ung börn“ sem birtist í tímaritinu *Rétti* árið 1967. Þar sýndi hann fram á, með óyggjandi hætti, skaðsemi þess að vanrækja börn tilfinningalega til lengri tíma. Jafnframt benti hann á skaðsemi þess að svipta börn ytri skynhrifum og félagslegri örvun. Afleiðing slíkrar meðferðar væri að börn sljóvgast og sálarlíf þeirra visnar. Sigurjón lýsti fyrirkomulagi starfseminnar sem „stórhættulegu“ og vöggustofunni sem „gróðrarstíu andlegrar veiklunar“. Sigurjón vísaði meðal annars í rannsóknir breska læknisins John Bowlby og svissneska læknisins René A. Spitz. Þeir rannsökuðu truflanir á geðheilsu barna, sem höfðu verið vistuð á slíkum stofnunum í frumbernsku, vegna rofinna geðtengsla og tilfinningalegrar vanrækslu, einkum vegna aðskilnaðar frá móður. Þeir Bowlby og Spitz voru forystumenn í slíkum rannsóknum og höfðu með störfum sínum haft veruleg áhrif á barnasálfræði og geðlæknisfræði barna. Niðurstöður rannsókna þeirra voru afdráttarlausar. Það þarf að sinna ungbörnum tilfinningalega því annars veslast þau upp og skaðast varanlega. Ljóst mátti vera að á þessum tíma, árið 1967, var skaðsemi þeirrar uppeldisstefnu sem var við lýði á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins fyrir löngu kunn.

Sigurjón rannsakaði sjálfur þroska 14 barna á aldrinum 4–13 ára sem öll höfðu dvalið á vöggustofum borgarinnar á fyrsta og öðru aldursári. Rannsóknin leiddi í ljós verulega sköddun á sálarlífi 10 barnanna. Hann sagði slíkt ástand skapast nálega einvörðungu við dvöl barna á stofnunum fyrir ungbörn og vísaði meðal annars í fyrrnefndar erlendar rannsóknir því til stuðnings. Sigurjón nefndi í þessu samhengi hugtakið „e. Hospitalism“ sem vísar til alvarlegrar tengslaröskunar hjá hvítvoðungum og smábörnum sem vistunin orsakaði.

Sigurjón og Adda Bára Sigfúsdóttir tóku málið upp hjá borgarstjórn. Þar féll málið í grýttan jarðveg og lítt var aðhafst þrátt fyrir að ofangreindar upplýsingar lægju fyrir. Þeirri vélrænu og sálarlausu uppeldisstefnu sem var við lýði að Hlíðarenda var því í grundvallaratriðum haldið til streitu á

Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Engu breytti þó að hún stríddi gegn fyrirbyggjandi rannsóknargögnum, heilbrigðri skynsemi og mannlegu eðli.

Seinni tíma rannsóknir á börnum sem vistuð voru á vöggustofum, eða sambærilegum stofnunum, og börnum sem ólust upp við hefðbundnar aðstæður hafa leitt í ljós að vitsmunalegur þroski stofnanabarnanna var lakari. Önnur skaðleg áhrif vistunar á vöggustofum var skortur á trausti sem er undirstaða tengslamyndunar hjá börnum. Traust barna gat ekki myndast vegna skorts á persónulegum tengslum við ákveðnar manneskjur. Töluvert skorti á eðlilegan málþroska margra barna og algengt var að þau þróuðu með sér eigið mál. Einnig var hreyfiþroska ábótavant vegna takmarkaðrar skynreynslu barnanna. Þá gátu slíkar stofnanir ekki veitt börnunum nauðsynlega ást og blíðu enda var tómlæti gagnvart þeim beinlínis yfirlýst stefna. Þessi meðferð leiddi til truflana á tengslum barnanna við annað fólk og í mannlegum samskiptum. Börnin fóru því meðal annars á mis við nauðsynlega örvun, félagsmótun, atferlisstjórnun og síðast en ekki síst, bráðnauðsynlega ást.

Ættleiðingarmiðstöð Íslands

Auðvitað var stundum nauðsynlegt að vista börn á vöggustofum þar sem engin önnur úrræði voru fyrir hendi. Jafnframt var öðru hverju talið nauðsynlegt að svipta foreldra forræði yfir börnum sínum og vista þau á vöggustofum. En fyrir kom að foreldrar sviptir börnum sínum fyrir litlar eða engar sakir. Jafnan voru þetta foreldrar í krappri stöðu, svo sem ungar einstæðar mæður eða fátækt fólk með veikt bakland. Þá var alls óvíst hvort börn og foreldrar yrðu sameinuð á ný því á vöggustofunum var sýslað með börn til fósturs og ættleiðinga. Þetta var alkunna á þessum tíma enda löngu fyrir daga ættleiðinga erlendis frá. Fyrir barnlaus hjón lá beint við að freista gæfunnar hjá vöggustofum borgarinnar. Góð sambönd greiddu fyrir möguleika á barni en um þræði héldu forstöðukona hverju sinni og Barnavernd Reykjavíkur. Þegar barnlaus hjón höfðu „fest sér barn“ þá var stundum hart gengið fram, með fulltingi félagsmálafyrivalda, til að fá foreldra til að afsala sér barni sínu. Auðvitað lentu börn oft hjá ástríku fólki og var ættleiðingin þeim til gæfu. Eftir stendur að endrum og sinnum voru foreldrar sviptir börnum sínum með valdníðslu þar sem yfiringilegt valdaójafnvægi réð úrslitum.

Spyrja má hvaða hvati lá að baki þeirri áherslu sem lögð var á að koma börnunum í fóstur eða til ættleiðinga. Það var ekki um auðugan garð að gresja fyrir barnlaus hjón því framboð á börnum var mun minna en eftirspurn. Vegna þessa skapaðist þrýstingur sem félagsmálafyrivöld tóku þátt í að létta. Í *Ársskýrslu Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1967 og 1969* kom meðal annars fram að vistun barns á einkaheimili væri fjárhagslega hagkvæmt fyrir borgina. Segja má að fyrir barnlaus hjón og félagsmálafyrivöld hafi samvinna verið beggja hagar. Það blasir við að ef börnin færu á sjálfbært einkaheimili þá losnaði borgin við kostnað. Hvort heldur sem börnin væru áfram á stofnun eða hjá foreldrum sem þyrftu stuðning við framfærslu barna sinna til lengri tíma.

Ábyrg borgarstjórn

Vöggustofan að Hlíðarenda og Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins voru reknar af Reykjavíkurborg sem bar ábyrgð á starfseminni. Ljóst er að meðferð á börnum sem vistuð voru á stofnununum olli þeim og fjölskyldum þeirra mismiklum skaða. Dr. Sigurjón Björnsson sýndi fram á að oft var skaði barnanna varanlegur vegna þess rofs sem var tilfinningalegum þroska þeirra. Þrátt fyrir háværa gagnrýni á starfsháttunum þá brást borgarstjórn lítt eða ekkert við. Löngu síðar eða árið 1993 komst starfsemi vöggustofa aftur í hámbæli í kjölfar frumflutnings útvarpsþáttar Viðars Eggertssonar, „Eins og dýr í búi“. Þátturinn hefur verið endurfluttur nokkrum sinnum og jafnan vakið athygli. Það hefur þó ekki orðið til þess að hreyfa við borgarstjórn og málið liggur því enn í þagnargildi á þeim vettvangi.

Dæmi eru um að fóstur og ættleiðingar barna frá vöggustofunum hafi verið á vafasömum forsendum. Það var á almannavitorði að þangað skyldu barnlaus hjón leita eftir börnum. Sem fyrr segir voru mæður barnanna yfirleitt í erfiðri félagslegri stöðu, eins og ungar einstæðar mæður eða einfaldlega fátækar. Auk þess áttu þessar mæður það sammerkt að hafa veikt bakland. Því brotnuðu þær undan þrýstingi félagsmálafirvalda og afsöluðu sér börnum sínum.

Að þessu sögðu þá er það ósk undirritaðra að borgarstjórn skipi teymi sérfræðinga til rannsaka starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og afleiðinga hennar í víðum skilningi. Skoða þarf af hverju mannskemmandi uppeldisstefna varð fyrir valinu og við lýði eftir að skaðsemi hennar var ljós. Kanna þarf hversu mörg börn voru vistuð á vöggustofunum á starfstíma þeirra; hvernig þeim heilsaðist eftir vistina og hvernig þeim gekk að fóta sig í lífinu. Þetta er afar brýnt atriði því nú þegar liggja fyrir vitnisburðir skjólstæðinga vöggustofanna um slæma andlega heilsu og erfiðleika á lífsleiðinni. Það er mikilvægt fyrir eftirlifandi börn að viðurkennt sé að vistun þeirra á vöggustofum borgarinnar olli þeim tjóni. Einnig er brýnt að rannsaka hvernig börnum var ráðstafað í fóstur eða til ættleiðinga, forsendur, fjölda þeirra og afdrif.

Virðingarfyllst,
Árni H. Kristjánsson
Fjölur Geir Bragason
Hrafn Jökulsson
Tómas V. Albertsson
Viðar Eggertsson



Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari,
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara,
Ráðhúsinu við Tjarnargötu 11,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 20. september 2021

Efni: Forgreiðing á skjölum um börn á vöggustofum borgarinnar í varðveislu Borgarskjalasafns Reykjavíkur.

Á fundi með borgarritara og borgarskjalaverði þann 8. september sl. var undirritaðri falið að leggja mat á skjöl í skjalasafni vöggustofunnar Hlíðarenda og vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, sem myndi nýtast við undirbúningsvinnu við rannsókn á starfsemi þeirra. Hér er um að ræða stutta samantekt um vöggustofurnar og forgreiðingu á skjölum sem hafa varðveist.

1. Vöggustofan Hlíðarendi

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur samþykkti 21. nóvember 1947 að húsið Hlíðarendi við Sunnutorg yrði tekið í notkun fyrir vöggustofu og aðra þá starfsemi sem þar gæti farið fram og nauðsynlegt væri að mati nefndarinnar. Vöggustofan Hlíðarendi tók til starfa 1. október 1949. Ólöf Sigurðardóttir hjúkrunarkona gegndi forstöðu frá 1949-1960. Á þessu tímabili dvöldu þar á fjórða hundrað börn, 22 í einu. Þau voru í þrem stofum, í tveimur stofum voru 8 börn í hvorri, en 6 í einni og voru þau börn á aldrinum 1 árs til 18 mánaða. Þá var einnig einangrunarherbergi. Börnunum var oftast komið fyrir á vöggustofunni af barnaverndarnefnd. Þegar vöggustofa Thorvaldsensfélagsins tók til starfa 1963, tók barnavinafélagið Sumargjöf við húsinu til að reka þar dagvöggustofu.¹ 7 starfsstúlkur sinntu börnunum sérstaklega. Þrjár til fjórar stúlkur á dagvakt en á kvöldvakt og næturvakt var ein stúlka á hvorri vakt. Auk þess bjó forstöðukonan í húsnæði vöggustofunnar.

2. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins

Thorvaldsensfélagið hóf undirbúning þess að reisa vöggustofu fyrir 30-40 börn með gjafabréfi til Reykjavíkurbæjar þann 19. nóvember 1925 m.a. með þeim skilyrðum að barnahæli yrði reist með öllum nauðsynlegum nýtísku útbúnaði, sem taki að minnsta kosti 30 börn og skyldi Thorvaldsensfélagið ráða vali fimm barna í vöggustofuna.² Bygging vöggustofu Thorvaldsensfélagsins hófst 2. september 1960 og var ætluð fyrir 32 börn er skiptist í þrjá aldursflokka, 0-8 mánaða, 8-12 mánaða og 12-18 mánaða. Hverjum aldursflokki tilheyrði svefn- og leikstofur. Í kjallara var þvottahús og matvælageymslur. Fyrsta forstöðukona vöggustofunnar var Auður Jónsdóttir, önnur var Ragnheiður Jónsdóttir (1 ár) og því næst Brynhildur Sigurðardóttir. Árið 1968 voru 25 börn á vöggustofunni og 19 starfstúlkur.³ Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins og upptökuheimilið Dalbraut voru sameinuð í Vistheimili barna Dalbraut 12 og skammtímavistun tekin upp 1979.

¹ Askja C/428.

² Askja 17.

³ Askja C/428.

3. Forgreinirng skjala í varðveislu Borgarskjalasafns Reykjavíkur

Skjalasöfn vöggustofunnar Hlíðarenda og vöggustofu Thorvaldsensfélagsins innihalda almennar upplýsingar um starfsemi og rekstur þeirra. Lítið er um skjöl með persónuupplýsingum barna sem dvöldu á vöggustofunum. Skjölín sem hafa varðveist eru flest vegna innheimtu dvalargjalda og kostnaðar við vistun á vöggustofunum. Þó hafa varðveist skýrslur með heilsufarsupplýsingum og vaxtalínuriti barnanna. Þessar skýrslur eru merktar í skjalasafni vöggustofu Hlíðarenda sem *heilsufar barna* og í skjalasafni Thorvaldsensfélagsins eru skýrslurnar merktar sem *dagálar*. Skýrslurnar teljast til trúnaðargagna þar sem þær innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar skv. b.lið 3. töl. 1. mgr. 3. gr. laga 90/2108 og eru bundnar trúnaði í samræmi við 3. mgr. 26. gr. laga 77/2014. Skýrslurnar líkjast ekki hefðbundnum dagálum, sem ættu að hafa verið ritaðir daglega eftir hverja vakt á vöggustofunum, um hvernig dagurinn hafi gengið, heldur líkjast þær innritunarblöðum með upplýsingum um komu og brottfarartíma, foreldra og heilsufar. Í þessum skýrslum þá er ekki fyllt út í fyrirframgefna dálka og eru 3-4 blaðsíður um hvert barn sem var jafnvel vistað mánuðum eða árum saman. Athygli vekur að fært er inn í vaxtalínuritinn með reglubundnu millibili. Í einstaka tilvikum eru skýrslurnar þó ítarlegri.

Örfá önnur skjöl með persónuupplýsingum eru í skjalasafni vöggustofunnar Hlíðarenda og vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Þar er m.a. ódagsett skjal með lýsingu á aðstæðum 8 barna⁴. Einnig er til listi yfir nöfn barna ásamt foreldrum fyrir vöggustofuna Hlíðarenda fyrir tímabilið 1961-63 og Thorvaldsensfélagsins fyrir tímabilið 1964⁵. Þá má finna í skjalasafni þeirra yfirlit yfir foreldra og börn þeirra vegna innheimtu dvalargjalda vöggustofu Hlíðarenda fyrir árin 1950 og 1952⁶.

Í málafafni félagsmálastofnunar, skrifstofu félagsmálastjóra er að finna skýrslu nefndar 20. mars 1957 um *Tillögur um barnaheimili í Reykjavík*.⁷ Þá er einnig að finna í skjölum félagsmálastjóra frá tímabilinu 1968-1984 sérstaklega merkt vöggustofu Thorvaldsensfélagsins lýsingar á líðan 10 barna og aðstæðum foreldra⁸. Fundargerðir félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar eru einnig varðveittar.

Í málafafni borgarstjóra er að finna fjölmargar skýrslur um barnavernd frá tímabilinu 1953-1968 og um barnaheimili tímabilið 1951-1962. Þá hafa varðveist *Tillögur Jónasar B. Jónssonar og Jónasar Pálssonar dags. nóvember 1962*, *Umsögn barnaverndarnefndar Reykjavíkur dags. 10. mars 1963* og *Tillögur Jónasar B. Jónssonar og Ásgeirs Guðmundssonar, dags. 4. mars 1963 um byggingu dagheimila og leikskóla*, *Kostnaðaráætlun Gunnlaugs Péturssonar og Jónasar B. Jónssonar, dags. 7. mars 1963 um byggingu vistheimila*, sem voru lagðar fram 26. mars 1963 í borgarráði.

Í málafafni borgarstjóra í tíð Geirs Hallgrímssonar þá eru að finna vélritaðar umræður í borgarstjórn 1967 um rannsókn á starfsháttum vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og fjölmörg skjöl sem varða hana. Skjöl er varða barnaheimili fyrir tímabilið 1961-1973 eru í rannsóknarniðurstöðum um 14 einstaklinga sem voru sérvaldir, sem fylgigagn með svari Geðverndardeildar fyrir börn Heilsuverndarstöðvar v/Barónsstíg dags. 28. apríl 1967⁹.

Varðveist hefur skýrsla um *Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar* sem var lögð fram í félagsmálaráði 18. sept. 1969. Þá er að finna í fundargerð borgarráðs 5. nóvember 1971 að verið sé að kanna til hlítar

⁴ Askja 148.

⁵ Askja 148.

⁶ Askja 148.

⁷ Askja 149.

⁸ Askja C/428.

⁹ Askja 31.

af borgarráði og félagsmálaráði hvernig nýta megir betur en gert hefur verið það fjármagn sem er til ráðstöfunar til barnaheimilabygginga á ári hverju.


Fjöldmörg önnur skjöl eru varðveitt hjá Borgarskjalasafni um vöggustofur borgarinnar. Gróflega áætlað eru skjölin um 6.000. (a.m.k. 24 öskjur*250 skjöl).

Það má gera ráð fyrir að komi í leitirnar skjöl sem eru í vörslu annarra aðila s.s. Þjóðskjalasafns Íslands eða skjalasafni Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis í Mjódd sem er með hluta af skjölum Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur v/Barónsstíg og á eftir að afhenda Borgarskjalasafninu.

Þessi forgreining skjala er því gerð með þeim fyrirvara að gagnaleit stendur enn yfir og mögulegt er að fleiri skjöl um vöggustofur borgarinnar komi upp við leit í öðrum skjalasöfnum en hér eru tilgreind.

Til upplýsingar þá hefur Borgarskjalasafnið fengið 78 fyrirspurnir frá einstaklinum um sín eigin trúnaðargögn. 50 fyrirspurnum er lokið með afhendingu afrita af einstaklingsskýrslum með heilsufarsupplýsingum sem staðfesta dvöl á vöggustofunum. 16 eru í bið þar sem einstaklingar hafa óskað eftir því að gagnaleit verði útvíkkuð í leit að barnaverndarmálum og að lokum eru 12 mál enn í vinnslu þ.á.m. mál þar sem einstaklingsskýrslur hafa ekki fundist.

Virðingarfyllst



f.h. borgarskjalavarðar

Kristín Fjóra Fannberg lögfræðingur

Meðfylgjandi: Fylgiskjal 1.

Fylgiskjal 1.

Heimildaskrá (raðað eftir stafrófsröð). c.a. 250 skjöl í öskju.

- Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Askja 148. *Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnaheimili í Reykjavík. Tímabil 1932-1971.* (Nafnalistar vst. Hlíðarenda 1961-63, vst. Thorvaldsensfélagsins 1964, Silungapolls 1958-64, Yfirlit yfir börn vst. Hlíðarenda vegna innheimtu dvalargjalda 1950, 1952 og ódags. lýsing á aðstæðum 8 barna (persónugreinanleg skjöl)).
- Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Askja 149. *Barnaheimili. Tímabil 1932-1959.* (Skrá yfir stúlkur undir 16 ára aldri, Vöggustofa Hjálpræðishers. Skýrsla nefndar 20.03.1957 um tillögur um barnaheimili í Reykjavík ofl., Ýmislegt frá Elliðahvammum og Sólheimum í Grímsnesi).
- Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Askja 170. *Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnavernd ýmislegt. Tímabil 1932-1963.*
- Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Askja 284. *Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Skýrslur barna. Tímabil 1962-1966.*
- Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Askja 285. *Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Skýrslur barna. Tímabil 1962-1966.*
- Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Askja 407. *Skrifstofa félagsmálastjóra. Vistheimili barna, Dalbraut 12. Bréf vegna rekstrar, vistana barna ofl. Tímabil 1979-1986.*
- Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Askja 635. *Kjörbörn, beiðnir frá 1972-1980. Beiðnir um fósturbörn eða kjörbörn 1958-1975. Fósturkerfi. Vöggustofa. Dalbraut. Silungapollur. Reykjahlið. Tímabil 1958-1980.*
- Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Askja 638. *Skrifstofa félagsmálastjóra. Vistheimili barna endurskoðun. tímabil 1982-1990.*
- Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Askja C/899. *Vistheimili barna, Laugarásvegi 39. Dagálar barna f. 1985-1992.*
- Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Askja 1093. *Barnavernd og starfsemi barnaverndar. Tímabil 1932-1992.* (Ýmsar skýrslur Barnaverndar Reykjavíkur 1932-33, 1937, 1940-51, 1960, 1966-68, Samstarfsnefnd um barnaverndarmál 1965 og 1966)
- Félagsþjónustan. Askja C/303. *Dagvistun barna. Tímabil 1968-1983.* (Skýrsla um Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar lögð fram 18.9.1969. Fundargerðir stjórnarnefndar 1980-1986. Almennt um dagvistun barna m.a. Barnavinafélagið Sumargjöf).
- Félagsþjónustan. Askja C/428. *Skrifstofa félagsmálastjóra. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins. Dalbraut. Vistheimili Silungapollur. Tímabil 1968-1984.* (Fylgiskjöl 1-25 þ.á.m. örfá persónugreinanleg skjöl með lýsingum á líðan barns og aðstæðum foreldra þess).
- Félagsþjónustan. Askja C/901. *Vistheimilasvið. Ýmiss skjöl og skýrslur varðandi vistheimili Félagsmálastofnunar Rvk.borgar og síðar Félagsþjónustunnar. Tímabil 1985-1999.* (Fundargerð Dalbrautarnefndar 1985. Gögnin eru aðallega frá 1990 og uppúr)
- Félagsþjónustan. Askja C/1063. *Börn vistuð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Tímabil 1962-1979.* (Komudagar og brottfarardagar. 4 bækur)
- Málasafn borgarstjóra. Skrifstofa borgarstjóra. Askja 17. A:7622a. *Barnaheimilissjóðir Reykjavíkur og Thorvaldsensfélagsins 1925-1965.* (Gögn bæjargjaldkera vegna sjóðanna).
- Málasafn borgarstjóra. Skrifstofa borgarstjóra. Askja 17. *Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins 1967-68.* (Útboðsskilmálar vegna viðbyggingar ásamt vinnulýsingum).
- Málasafn borgarstjóra. Skrifstofa borgarstjóra. Askja 29. *Barnavernd. Tímabil 1953-1968.*
- Málasafn borgarstjóra. Skrifstofa borgarstjóra. Askja 30. *Barnavernd. Vistheimilismál. Tímabil 1951-1962.*
- Málasafn borgarstjóra. Skrifstofa borgarstjóra. Askja 31. *Barnavernd. Tímabil 1946-54, 1957-60. Barnaheimili Tímabil 1961-73.* (Skýrsla um Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar lögð fram í félagsmálaráði 18. sept. 1969).

- Málasafn borgarstjóra. Skrifstofa borgarstjóra. Askja **83**. *Vöggustofur. Tímabil 1961-1971*.
- Málasafn borgarstjóra. Umræður í borgarstjórn 06.04.1967. *Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins, fsb. Sigr. Th. till. Alþbl. um rannsókn á fyrirkomulagi og uppeldisskilyrðum í vöggustofunni og breytingartill. borgarstjóra*. bls. 14-73.
- Málasafn Borgarstjóra. Umræður í borgarstjórn 02.11.1967. *Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins, rannsókn fsp. Sig. Bj.* bls. 94-109
- Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins. Öskjur **294-298**. *Dagálar.Tímabil 1968-78. A-Ö*.(Skýrslur með vaxtalínuriti ásamt upplýsingum um vistunartíma/foreldra/heilsufar).
- Vöggustofan Hlíðarenda. Öskjur **194-198**. *Heilsufar barna. Tímabil 1949-67. A-Ö*.(Skýrslur með vaxtalínuriti ásamt upplýsingum um vistunartíma/foreldra/heilsufar).

